

Nd.

304. Nefndarálit

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 30. júní 1942, um verðlagsuppbót á laun embættis-
manna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og eftir að hafa fengið upplýsingar og tillög-
ur frá vegamálastjóra, leggja undirritaðir nefndarmenn til, að það verði fellt.

Bréf vegamálastjóra fylgir hér með til athugunar.

Alþingi, 29. jan. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson,
form.

Jón Pálmason,
fundaskr.

Ingólfur Jónsson,
frsm.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 28. des. 1942.

Með bréfi, dags. 9. þ. m., sendi háttvirt fjárhagsnefnd mér til umsagnar frv. til l.
á þskj. 23 viðvíkjandi verðlagsuppbót til einstakra manna á styrki, er þeir njóta
samkv. 13. gr. A. fjárlaga.

Í greindri fjárlagagrein eru bæði styrkir til ferjuhalds og til þess að halda uppi
byggð og gistingu fyrir ferðamenn. Styrkur þessi hefur verið greiddur með óbreyttri
upphæð í ár og undanfarin ár, enda fellur hann ekki undir ákvæði laga um verðlags-
uppbót á laun o. fl.

Ég lit svo á, að ekki sé ástæða til þess að greiða fulla verðlagsuppbót á styrki þessa, með því að tilkostnaður og aðstaða hlutaðeigenda til þess að inna af hendi þá skyldu, sem er skilyrði fyrir styrknum, hafi ekki versnað í þeim mælikvarða, sem vísitalan leggur á verðlag til framfærslu einstaklingum.

Ég hef nú lagt til við ráðuneytið, að greidd verði 50% uppbót á ferjustyrki og byggðastyrki á þessu ári. Þá hef ég og lagt til, að fjárveitingin til ferjuhalds og gistingastyrkja verði hækkuð verulega á árinu 1943, að mestu með tilliti til hækkaðs verðlags.

Virðingarfyllt.

Geir G. Zoëga.

Hér með afrit af skýrslum, hvernig skipt hefur verið styrkjum til gististaða og ferja 1941.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Vegamál. Styrkur til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum árin 1940—41 incl. Fjárl. 13. gr. A. X.

	1940	1941
1. Hrauntangi, N.-Þingeyjarsýslu	500.00	500.00
2. Kvísker, A.-Skaftafellssýslu	500.00	500.00
3. Kleppustaðir, Strandasýslu	200.00	200.00
4. Skriðuland, Skagafjarðarsýslu	200.00	200.00
5. Arngerðareyri, N.-Ísafjarðarsýslu	200.00	200.00
6. Hrafnfjarðareyri, N.-Ísafjarðarsýslu	200.00	300.00
7. Bakkasel, Eyjafjarðarsýslu	300.00	440.00
8. Kostnaður við gistihús ríkisins í Fornahvammi, Bakka- seli (og Ytrikotum að nokkru)	19359.15 ¹⁾	2044.27
Samtals kr.	21459.15	4384.27

Reykjavík, 8. jan. 1943.

Geir G. Zoëga.

Ferjustyrkir 1941.

1. Auðsholtsferja, Árnessýslu	kr. 250.00
2. Meðallandsferja, V.-Skaftafellssýslu	— 300.00
3. Héraðsvatnaferja, Skagafjarðarsýslu	— 200.00
4. Þjórsárferja, Árnessýslu	— 250.00
5. Iðuferja, Biskupst., Árnessýslu	— 150.00
6. Eldvatnsferja, V.-Skaftafellssýslu (viðg.)	— 500.00
7. Skorradalsvatnsferja, Borgarfjarðarsýslu (+ 100.00 1942)	— 300.00
8. Skjálfandafliótsferja, Þingeyjarsýslu	— 100.00
9. Lagarfliótsferja, S.-Múlasýslu	— 300.00
10. Hrutafjarðarferja, Húnavatnssýslu	— 200.00
11. Héraðsvatnaferja, Eyh.holti, Skagafjarðarsýslu	— 200.00
12. Hornafjarðarferja, A.-Skaftafellssýslu	— 250.00
13. Blönduferja, Húnavatnssýslu	— 300.00
14. Jökulsárferja, Fljótsdal, N.-Múlasýslu	— 200.00
15. Jökulsárferja hjá Skatast., Skagafj.sýslu	— 350.00
	kr. 3850.00
16. ÷ Endurgreiddur styrkur til Ísafjarðarferju 1940	— 200.00
Samtals	kr. 3650.00

Reykjavík, 8. jan. 1943.

Geir G. Zoëga.

¹⁾ Hér er innifalinn kostnaður við framhald endurbyggingar gistihússins í Fornahvammi, sem lokið var á þessu ári.